

Um eyðublöð á vef skipulags- og byggingarsviðs

Beiðni um skráningu á byggingarstjóra

Sá umsækjandi sem fengið hefur samþykktu byggingarleyfisumsókn verður að ráða sér byggingarstjóra sem uppfyllir ákvæði 31. gr. byggingarreglugerðar.

Umsækjandi getur þá fyllt út eyðublaðið prentað það út og komið því til skrifstofu byggingarfulltrúa eftir að hafa undirritað eyðublaðið. Mikilvægt er að skrá númer á byggingarleyfisumsókninni BN númer en það kemur fram í tilkynningu byggingarfulltrúa til umsækjanda um samþykkt málsins.

Beiðni um byggingarstjóraskipti

Komi til þess að eigandi byggingarframkvæmda óski eftir því að skipta um byggingarstjóra áður en byggingarframkvæmdum er lokið, eða að byggingarstjóri vilji fara af verkinu, getur hvor um sig útfyllt eyðublaðið, prentað það út, undirritað og komið því til skrifstofu byggingarfulltrúa. Mikilvægt er að skrá númer byggingarleyfisumsóknar á eyðublaðið ásamt dagsetningu byggingarleyfisins.

Beiðni um meistaraskipti

Komi til þess að byggingarleyfishafi eða byggingarstjóri, óski eftir að skipta um iðnmeistara sem staðfest hefur ábyrgð sína á ábyrgðarsviði iðnmeistara áður en byggingarframkvæmdum er lokið eða iðnmeistari vilji fara af verkinu getur hver um sig útfyllt eyðublaðið, prentað það út undirritað og komið því til skrifstofu byggingarfulltrúa. Mikilvægt er að skrá númer byggingarleyfisumsóknar á eyðublaðið ásamt dagsetningu byggingarleyfisins.

Staðfesting á leyfi og ábyrgð byggingarstjóra

Þetta eyðublaðaform notar byggingarfulltrúi til þess að gefa út staðfestingu á skráningu byggingarstjóra á tiltekna byggingarframkvæmd sem samþykkt hefur verið. Staðfestingin er aðeins gefin út hafi eigandi byggingarframkvæmda lagt fram skriflega beiðni þar að lútandi. Sjá jafnframt eyðublaðið: Beiðni um skráningu á byggingarstjóra.

Tilkynning um skráningu iðnmeistara og staðfesting ábyrgða

Þetta eyðublað afhendir byggingarfulltrúi byggingarstjóra samhliða staðfestingu sinni á skráningu byggingarstjóra.

Byggingarstjórinn aflar síðan áritunar viðkomandi iðnmeistara. Að þeim fengnum undirritar byggingarstjórinn eyðublaðið og kemur því til skrifstofu byggingarfulltrúa sem staðfestir móttöku þess með áritun.

20.11.2006/MSS